



Fundur háskólaráðs 28. ágúst 2001

Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 21.08.2001 12:08:05

Dags: 28.08.2001

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

12/2001

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, þriðjudaginn 28. ágúst var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 10:00.

1. Fundir og verkefni háskólaráðs og helstu mál á döfinni í Háskólanum

- 1.1 Rektor lagði fram drög að dagskrá háskólaráðs fyrir haustmisseri.
- 1.2 Rektor lagði fram minnisblað um helstu mál á döfinni í Háskólanum.
- 1.3 Lagður fram listi frá stjórnslusviði yfir ýmis mál sem fjalla þarf um á næstu fundum háskólaráðs.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Innkomið bréf frá Jóni Gunnari Ottóssyni, forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, er varðar húsnæði Háskólans við Hlemm sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur til afnota. Málinu vísað til lögfræðings Háskólans og fjármálanefndar til umsagnar.
- 2.2 Innkomið bréf frá Ívari Pétri Guðnasyni er varðar umsókn hans um nám í kennslufræði til kennsluréttinda háskólaárið 2001 – 2002 ásamt svarbréfi Tryggva Þórhallssonar, lögfræðings. – Afgreiðslu frestað.
- 2.3 Lögð fram tillaga til ályktunar frá Dagný Jónsdóttur þar sem hún leggur til að framlag Háskólans til Stúdentasjóðs verði 1.000 kr. á nemanda skólaárið 2001-2002. Fjallað verður um málið við gerð fjárhagsáætlunar Háskólans.

3. Mál til fróðleiks

- 3.1 Lögð fram greinargerð um störf stjórnar Minningarsjóðs Aðalsteins Kristjánssonar og endurskoðaðar og breyttar verklagsreglur sem stjórnin hefur samið.

4. Mál á dagskrá

- 4.1 Vísindagarðar, kynning og framhald málsins.
Stefán Ólafsson, formaður húsnæðis- og skipulagsnefndar, kynnti málið. Inn á fundinn komu Páll Gunnlaugsson og Valdimar Harðarson, arkitektar, og lýstu frumhönnun skipulags Vísindagarðanna. Málið var rætt ítarlega og svöruðu þeir Stefán, Páll og Valdimar framkomnum spurningum. Í umræðunum kom m.a. fram að stjórn ríkis og borgar hefur tekið mjög vel í áform Háskólans. Voru fundarmenn á einu máli um að hrinda beri fyrirætlunum Háskólans um Vísindagarða í framkvæmd sem fyrst.

Rektor bar upp eftirfarandi tillögu til ályktunar:

“Háskólaráð samþykkir að óska eftir viðræðum við stjórn Reykjavíkurborgar um breytingar á deiliskipulagi á austurhluta háskólalóðar vegna áforma um byggingu Háskólatorgs og Vísindagarða, sbr. framlagðar skipulagshugmyndir um garðana.”

Samþykkt einróma.

Þá bar rektor upp tillögu um að Stefán Ólafsson og Ingjaldur Hannibalsson leiði þessar

viðræður f.h. Háskólans.

Samþykkt einróma.

4.2 Heiti reglugerðar Háskólans.

Rektor bar upp tillögu um að hann riti dómsmálaráðuneytinu bréf um að Reglugerð fyrir Háskóla Íslands beri áfram óbreytt heiti.

Samþykkt einróma.

4.3 Fjárhagsstaða Háskólans í lok júlí 2001.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði grein fyrir framlögðu yfirliti um fjárhagsstöðu Háskólans í lok júlí 2001. Málið var rætt og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.

4.4 Reglur um inntöku nýnema í læknadeild.

Málinu var vísað til umsagnar kennslumálanefndar.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:20.